

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/36

frá 27. apríl 2011

um viðurkenningu á Túnis að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til viðurkenningar á atvinnuskírteinum (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 2754)

(2011/259/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ⁽¹⁾ einkum 3. mgr. 19. gr.,

með hliðsjón af bréfi, 9. mars 2006, frá yfirvöldum í Frakklandi þar sem óskað er eftir viðurkenningu á Túnis til þess að viðurkenna atvinnuskírteini sem það land gefur út,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta ákveðið að árita atvinnuskírteini farmanna, sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni að viðkomandi þriðja land fullnægi kröfum alþjóðasamþykktar um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, 1978, með áorðnum breytingum, (STCW-samþykktin) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur samþykkt.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur, að beiðni yfirvalda í Frakklandi, metið kerfi fyrir menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna í Túnis til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Matið var byggt á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu önnuðust í apríl 2007.
- 3) Framkvæmdastjórnin lét aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins á regluglygni.
- 4) Því næst óskaði framkvæmdastjórnin eftir því bréflaga við yfirvöld í Túnis, 28. janúar 2009, að þau legðu fram

sönnunargögn sem sýndu að ráðin hefði verið bót á þeim annmörkum sem komu í ljós við matið.

- 5) Yfirvöld í Túnis létu í té umbeðnar upplýsingar bréflaga, 25. nóvember 2009, ásamt sönnunargögnum að því er varðar framkvæmd viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til að ráða bót á öllum þeim annmörkum sem komu í ljós við mat á regluglygni.
- 6) Niðurstaða mats á regluglygni og mats á upplýsingum frá yfirvöldum í Túnis sýnir að Túnis uppfyllir viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini og skal því viðurkennt af hálfu Sambandsins.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Túnis hefur verið viðurkennt, að því er varðar menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna, í því skyni að viðurkenna atvinnuskírteini sem það land gefur út.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Siim Kallas

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 35.

(¹) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.